




ÁÐUR TWITTER

-  X er samfélagsmiðill sem byggist upp af stuttum færslum, myndum og myndböndum
-  Margir vilja meina að aukning hafi orðið á hatursfullu- kynferðislegu- og ofbeldisfullu efni á X á undanförunum árum
-  Þá hefur svokölluðum varnöglum sem á að vernda notendur frá skaðlegu efni fækkað á miðlinum að undanförunu í nafni aukins málfrelsis
-  Fjölmörg dæmi eru um að notendur hafi rekist á afar óviðeigandi efni á X fyrir algjöra tilviljun - slíkt efni getur farið í dreifingu um miðilinn mjög hratt
-  Hægt er að spjalla saman á X í einka- eða hópskilaboðum





Hlutfall notenda á aldrinum
10 - 13 ára á Íslandi

2%

Aldurstakmark



Hlutfall notenda á aldrinum
14 - 16 ára á Íslandi

12%

X (áður Twitter) er samfélagsmiðill sem byggir á stuttum textafærslum, myndum og myndböndum sem dreifast hratt í opnum straumi. Miðillinn er mikið notaður til umræðu um fréttir, stjórnmál og samfélagsmál. Miðillinn hefur breyst töluvert á undanförunum árum og hefur verið lögð áhersla á málfrelsi á miðlinum. Það hefur aukið magnið af fólksku og óviðeigandi efni.

*Vegna opins eðlis X, lítils eftirlits og mikils ágreinings sem á sér stað inni á miðlinum er hann almennt ekki talinn hentugur fyrir börn eða ungmenni.

3 staðreyndir um X




Umræður og efni oftast en ekki við hæfi barna

Þrátt fyrir að aldurstakmarkið fyrir X sé 13+ geta umræður sem fara fram á miðlinum verið mjög ósvífnar og jafnvel skaðlegar. Þær geta t.a.m. innihaldið hatursorðræðu, ofbeldisfullt og kynferðislegt efni sem er ekki við hæfi barna og ungmenna.



Takmarkað eftirlit og veikar síur

Eftir breytingar á miðlinum hefur eftirlit á honum snarminnkað. Villandi, öfgafullt og jafnvel skaðlegt efni getur því birst í straumi notenda nánast fyrirvaralaust.



Algóritminn ýtir undir skautun og öfgafullar skoðanir

Efni sem vekur sterk tilfinningaleg viðbrögð eins og reiði, sorg eða ótta fær gjarnan meiri sýnileika en annað efni á miðlinum sem getur stuðlað að einhliða og ýktri umræðu.